

# EYSTRAHORN

24.tbl. 41. árgangur

29.júní 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



Mynd: Bjarni Jónsson

# BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna var samþykktur 20. nóvember 1989 og er útbreiddasti mannréttindasáttmáli í heimi. Öll ríki innan Sameinuðu þjóðanna nema Bandaríkin hafa fullgilt hann. Ísland undirritaði hann 1990 og árið 2013 var hann lögfestur á Íslandi. Það þýðir að bæði opinberir og einkaaðilar eru skuldbundnir til að virða ákvæði sáttmálans og má beita sáttmálanum fyrir dómi.

Þegar Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi jókst þörfin fyrir fræðslu um þýðingu hans. Því var ákveðið að Unicef, í samráði við Umboðsmann barna færi af stað með verkefnið; Barnvænt sveitarfélag.

Tilgangur með verkefninu er að íslensk stjórnvöld og öll sveitarfélög landsins innleiði Barnasáttmálann í sína stjórnsýslu. Í raun má segja að hugsunin sé að starfsfólk ríkis og sveitafélaga noti sjónarhorn barna í öllum sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum. Sveitarfélög sem kjósa að taka þátt í verkefninu gera þannig sáttmálann að rauðum þræði í allri sinni starfsemi og stefnumótun.

Verkefnið byggir á fimm grunnþáttum og eru þau leiðarstef í gegnum öll skref innleiðingarferlisins.



**1. Bekking á réttindum barna:** Rík skylda á opinbera aðila að fræða fullorðna og börn um réttindi sem í sáttmálanum eru. Mikilvægt að vinna markvisst að innleiðingu.

**2. Það sem er barninu fyrir bestu:** Ávallt skal taka til skoðunar hvað barninu er fyrir bestu þegar ákvarðanir hvað þau varðar eru teknar. Hafa skal hugfast að ekki er hægt að vita nákvæmlega hvað barninu er fyrir bestu án þess að hafa þau í samráði.

**3. Jafnræði, horft til réttindi allra barna:** Öll börn eiga að njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, kynferðis,

trúar, ætternis, fötlunar, félagslegra stöðu eða annarra aðstæðna.

## 4. Þátttaka barna: Innleiðing

Barnasáttmálans felur í sér viðurkenningu á að þekking og reynsla barna sé verðmæt fyrir sveitafélagið. Börn eiga rétt á því að fá tækifæri til að tjá skoðun síðna um málefni sem hafa áhrif á þeirra líf. Því er nauðsynlegt að þáttökuleiðir séu skýrar og aðgengilegar fyrir börn og þau fái þjálfun frá ungum aldri í að koma sjónarmiðum sínum áleiðis.

5. Barnvæn nálgun: Mikilvægt er að auðvelda aðgengi barna að ólíkum sviðum og stofnunum sveitafélagsins. Umhverfið, viðhorf okkar, stjórnsýslan og þjónustan þurfa að vera barnvæn. Börn þurfa einnig að geta leitað sjálf til stofnanna sveitafélaga án aðkomu foreldris.

## Innleiðingarhringurinn :



## Hvað eru við stödd?

Sveitarfélagið Hornafjörður er búið að vinna stöðumatið og skilaði greinargerð inn á dögunum. Nú er að fara af stað fræðsla og greining aðgerða. Stýrihópur um innleiðingu sáttmálans í sveitarfélaginu kemur til með að nota sumarið og fyrstu mánuði haustsins til að klára greiningu aðgerða. Stefnit er að því að skila inn aðgerðaráætluninni í okt/nóv og fá viðurkenningu sem Barnvænt sveitafélag snemma árs 2024. Verkefnið er ekki hugsað sem átaksverkefni og þarf að viðhalda viðurkenningunni á tveggja

til þriggja ára fresti. Það er m.a. gert með barnaþingi og vinna úr niðurstöðum þeirra. Samkvæmt erindisbréfi heyrir verkefnið undir velferðarsviði.

Í stýrihópi sitja frá velferðarsviði Sigrún Bessý Guðmundsdóttir verkefnastjóri og Skúli Ingibergur Þórarinsson sviðsstjóri. Frá fræðslusviði, Þórgunnur Torfadóttir sviðsstjóri og Emil Morávek verkefnastjóri. Frá umhverfis- og skipulagssviði situr Brynja Dögg Ingólfssdóttir sviðsstjóri. Frá stjórnsýslu- og fjármálasviði sitja Ólöf Ingunn Björnsdóttir fjármálastjóri og Hekla Natalia Sigurðardóttir, Stefán Birgir Ólafsson og Birta Sigbjörnsdóttir frá ungmennaráði.

## Framhaldið stiklað á stóru:

Aðgerðaráætlun: Niðurstöður úr stöðumatinu eru greindar og út frá þeim mótaðar aðgerðir sem þarf að framkvæma í sveitafélaginu. Aðgerðirnar eiga að vera bæði langtíma og skammtíma.

**Framkvæmd:** Þegar Unicef, sveitarstjórn og ungmennaráð hefur samþykkt aðgerðaráætlun þarf að framkvæma þær. Mikilvægt að hafa ábyrgðaraðila með stærri aðgerðum, að aðgerðir hafi skýrt markmið og séu tímasettar.

**Skýrsla:** Þegar sveitafélag hefur framkvæmt aðgerðir sendir það skýrslu til Unicef til endurmat.

**Mat og viðurkenning:** Unicef gefur endurgjöf og sveitafélag fær viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag

**Ný markmið og endurmat:** Þegar hringnum er lokað hefst aftur vinna í stöðumati (barnaþing o.fl.), sett ný markmið og settar fram nýjar aðgerðir.

Fyrir frekari upplýsingar um Barnvænt sveitafélag verkefnið má hafa samband: [www.bessy@hornafjordur.is](mailto:www.bessy@hornafjordur.is)

Sigrún Bessý Guðmundsdóttir  
verkefnastjóri Barnvænt sveitafélag  
Velferðarsvið Sveitarfélagsins  
Hornafjarðar



Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Netfang: arndis@eystrahorn.is  
Profarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126



# ÞJÓÐARHÁTÍÐARGLEÐI UNGMENNAFÉLAGSINS VÍSIS

Þann 17. júní síðastliðinn blés Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit til þjóðhátíðargleði að Hrollaugsstöðum. Kominn var tími til, enda 7 ár síðan þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur í Suðursveit. Sólin mætti að venju í sveit sólar og gerði góðan dag enn betri.

Keppt var í þessum helstu keppnisgreinum, pokahlaupi, eggjahlaupi, naglahlaupi og höfrungastökki. Það mátti sjá á mannskapnum að þessar greinar hafa ekki verið iðkaðar í talsverðan tíma, en þegar líða tók á liðkaðist lýðurinn og keppnisandinn kom yfir fólk.

Liðin skiptust í „austan“ og „vestan“ að gömlum sið, en það eru þeir sem búa

austan og vestan við Hrollaugsstaði. Endað var á reipitogi sem tók heldur betur vel á fólk og stóð tugið hnífjafnt í dágóða stund þar til austan liðið hafði betur, með naumindum að sjálfsögðu.

Snæsa kom með tvo hesta og fengu krakkar, sumir í fyrsta sinn, að fara á bak og ríða um gamla tjaldstæðið. Má með sanni segja að þetta hafi verið hápunktur dagsins. Einnig spreyttu nokkrir gestir sig á langstökki undir leiðsögn frjálsíþróttameistara Suðursveitar og höfðu gaman að. Hver veit nema æfingar hefjist að nýju í sveitinni?

Í lokin voru auðvitað grillaðar pylsur, svali og ís fyrir gesti. Allt í boði SS, Gistiheimilisins Gerði og Countryhotel

Hali og hafi þau öll miklar þakkir fyrir.

Mæting var góð, taldist okkur um 80 manns, frá hinum ýmsu löndum og sýslum. Þökkum við í UMF Vísi öllum þeim sem komu fyrir skemmtilegan dag og vonum við að þetta verði hefð sem við getum haldið í sem lengst.

Einnig viljum við þakka sveitungum og bæjarstjórn fyrir góðar undirtektir á því sem við í UMF Vísi höfum tekið okkur fyrir hendur í Hrollaugsstöðum, en þar höfum við komið upp félagsmiðstöð. Vonum við að það verði einn liður í því að efla félagslíf í Austur-Skaftafellssýslu.

*Fyrir hönd UMF Vísis  
Aðalbjörg Bjarnadóttir*



Myndir frá hátíðarhöldunum.



## ÍBÚAKOSNING Í HORNAFIRÐI BRÝTUR BLAÐ Í SÖGU KOSNINGA Á ÍSLANDI

Í fyrsta sinn í sögu lýðræðis á Íslandi mega 16-18 ára kjósa í almennum kosningum, sem er íbúakosning á Hornafirði.

Við breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 2022 var sett inn ákvæði um að sveitarstjórn sé heimilt að samþykka að 16 ára og eldri mega kjósa í íbúakosningum.

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti að kosningaaldur í íbúakosningu sem fram fer 19. júní -10. júlí miðast við 16 ára aldur sbr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga, kosningaréttur þeirra sem verða 16 ára miðast við á lokadag kosninganna eða 10. júlí.

Í íbúakosningunni er kosið um hvort aðal-

og deiliskipulag um þéttingu byggðar Innbæ á Höfn haldi gildi sínu.

Bæjarráð bókaði á fundi sínum að öll sem eru 16 ára fyrir 11. júlí eru hvött til þess að taka þátt í kosningunni og nýta sér kosningarétt sinn.

Ungir kjósendur á Hornafirði eru ekki óvanir að kjósa því sveitarfélagið í samráði við ungmennaráð Hornafjarðar hefur boðið upp á skuggakosningar samhliða almennum kosningum frá árinu 2016 sem kemur sér vel núna þegar alvaran tekur við. En það voru fyrstu skuggakosningar á landinu.



Fyrstu kjósendurnir undir 18 ára aldri eru þeir Ingólfur Vigfússon og Marius Máni Jónsson 17 ára.

Ástkær eigenmaður minn, bróðir, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi.



## Einar Jóhann Þórólfsson Jói frá Meðalfelli



Varð bráðkvaddur á heimili sínu  
fimmtudaginn 22. Júní

Útförin fer fram frá Bjarneskirkju laugardaginn  
1. Júlí kl. 11:00. Streymt verður á bjarnanesprestakall.is.

Emily Rossiter

Vilborg Þórólfsdóttir

Rakel Þóra Einarsdóttir Sævar Guðmundsson

Eydís Dóra Einarsdóttir Halldór Bragi Gíslason

Þórólfur Örn Einarsson

Aðalheiður Dagmar Einarsdóttir Ágúst Ragnar Reynisson

Þórdís María R. Einarsdóttir Jack Tunstall

Kjartan Jóhann R. Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Lifandi vafi  
Lífandi vafi með mynd bókanna

### Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

VIÐ HÖKKUM EÐ AÐ SJA ÞIG.

Jesus segir:  
Ef nokkurn þyrstir þá komi hann  
til mín og drekki.  
Þá þjorta þess sem trau á mig  
munu renna  
í kær lífandi vatni.

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



„Minigolf alla þriðjudaga kl. 13,00  
upp við EKRU

Gott að taka með sér kylfur og kúlur ef menn  
eiga.

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## Þorskhnakkar a la Gulla

Hafdís Gunnarsdóttir henti boltanum til mín og ég greip hann án þess að vita hvað gera skyldi. Ég nota aldrei uppskriftir, en hér kemur þó ein sem er orðin að minni og, en endurtek: látið hjartað og bragðlaukana ráða för. Sendi boltann á Ásgeir Gunnarsson og Eygló. Þau eru með'etta!

### Uppskrift.

Veltið hnakkabitum upp úr hveiti og steikið þá í karrýsprengdu smjöri og saltið smá. Þegar fiskurinn er steiktur hellið þá rjóma á pönnuna, látið súðuna koma upp og þynnið þá með slatta af hvítvíni. Berið fram með kartöflumús/hrísgrjónum nema hvort tveggja sé. Getur ekki klikkað, verði ykkur að góðu.







## MÁLFRÍÐUR MALAR

Þá er sólin farin að sýna sig aftur og Húmarhátíð lokið. Ég frétti það hjá yngri kynslóðinni í fjölskyldunni að þetta hafi verið meiriháttar Húmarhátíð þó það hafi ringt örlítið. Ber því að þakka öllu því fólki sem vann vinnuna við að halda flotta hátíð fyrir okkur hin. Klapp á herðar – vel unnið. Ég lét nú ekki sjá mig á svæðinu þetta árið enda líðirnir stírdari en vanalega og þá sérstakega í svona rigninu. Lét bara kaupa fyrir mig miða fyrir Kúadellulottóið en vann samt ekki enda er það partur af leiknum. Jæja ég sat nú samt ekki auðum höndum um helgina en við Sísí létum okkur hafa það að keyra inn í Nesjahverfi til að hitta vinkonu okkar. Hvað er eiginlega að gerast í þessu hverfi? Fullt af bílum og þá meina ég stórum bílum svona pikköppum með bílakerrur eða hestakerrur í eftirdragi út um alla götu þannig að ekki er hægt

að mætast í götunni. Hjá vinkonu okkar voru bæði bílar fyrir ofan og neðan innkeyrsluna hennar þannig að við vorum í stórhættu við að komast út á götuna því við sáum ekki út á hina akgreinina fyrir þessum stóru trukkum! Hvers vegna druslist þið ekki til að setja bílana ykkar í innkeyrslurnar eða á stæðið neðst í götunni? Það mætti halda að þetta væri einhver typpa-keppni á milli manna. Ég veit af einni ákveðinni konu ofar í götunni og er ég hissa á því að hún sé ekki búin að taka málið í sínar hendur eða reyna að fá einhverja aðra til þess. Þetta er vanvirðing við aðra ábúendur í hverfinu eða þá sem vilja koma í heimsókn að hafa alla þessa bíla úti á götu. Innkeyrslurnar eru til þess að geyma bíla fjölskyldunnar en ekki göturnar sjálfar, þær eru til að komast örugglega frá A-Ö eða öfugt.

Málfríður

## ORÐALEIT

R	U	R	D	Y	M	Z	Y	P	E	R	D	D	J	K
P	X	B	R	K	A	X	S	Q	B	L	P	H	F	M
Í	R	F	R	A	M	U	S	D	Á	S	T	J	Y	Q
J	E	B	I	G	F	H	M	K	Y	R	E	X	U	C
S	Z	V	M	K	Q	R	S	L	U	S	I	J	P	S
U	K	R	V	Z	Æ	N	X	K	Y	S	P	U	E	F
S	L	J	V	M	Ó	T	Æ	S	A	Y	B	G	V	Z
V	U	Ö	S	T	D	R	U	X	X	P	L	K	K	A
E	I	Q	G	Y	B	M	J	L	H	U	Q	B	J	N
P	M	M	E	R	G	Y	I	A	S	J	E	L	K	R
U	Z	K	A	Z	E	M	G	M	G	Ð	G	M	O	U
B	Y	L	S	T	I	G	A	O	P	V	E	U	M	K
U	L	O	P	G	W	Q	L	T	F	M	I	L	U	S
U	D	A	K	R	N	O	E	U	N	D	I	F	H	A
G	R	W	I	U	S	N	G	Z	M	H	D	L	J	J
Q	K	W	S	D	I	Z	E	C	W	A	L	U	Z	G
B	V	S	X	N	J	I	J	Z	B	K	Ð	S	S	G
D	V	H	G	N	Z	A	C	A	U	Z	U	U	E	E
S	U	U	A	O	Z	J	R	H	Z	W	L	N	R	D
P	R	S	Ó	F	A	P	Ú	Ð	I	Z	K	H	T	J

ULLARBÆKUR

STIGAOP

LÖGREGLUMAÐUR

TEIP

TENINGUR

SUMARFRÍ

HLEÐSLUTÆKI

EGGJASKURN

TÓNSKÁLD

SÓFAPÚÐI

## SPURNING VIKUNNAR

*Er líf á öðrum plánetum?*



**Ísold Jakobsdóttir**  
Já ég trúi því



**Pawel Stankiewicz**  
Yes for sure



**Sigfús Már Þorsteinsson**  
Klárlega, allan daginn.



**Björgvin Erlendsson**  
Klárlega!



## Auglýsing um íbúakosningu

Auglýsing um íbúakosningu um aðal- og deiliskipulag um þéttingu byggðar Innbæ sem samþykkt var af bæjarstjórn 27. apríl.

Íbúakosningin mun fara fram frá 19. júní - 10. júlí. Kosningin mun fara fram í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Kosið verður um hvort íbúar vilji að samþykkt aðal- og deiliskipulag um þéttingu byggðar í Innbæ, haldi gildi sínu eða ekki.

Spurningin mun hljóða á þennan hátt:

**Samþykkir þú að breyting á aðal- og deiliskipulagi um þéttingu byggðar í Innbæ Hafnar haldi gildi sínu? Já/Nei.**

Niðurstaða atkvæðagreiðslu íbúakosningarinnar er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn, skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarfélagið verður ein kjördeild og kjörstaður verður í Ráðhúsinu og hafa allir kosningabærir íbúar sveitarfélagsins, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu kosningarétt í íbúakosningunni skv. 4. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Nánari upplýsingar og kynningargögn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins hornafjordur.is undir stjórnsýsla/skipulagsmál, kynning á skipulagi Innbæ vegna íbúakosninga.

Öll umgjörð og framkvæmd íbúakosningarinnar er samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021, sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga og reglum sveitarfélagsins um íbúakosningu.

Þeir einu sem hafa kosningarétt eru á kjörskrá og hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði kl 12:00 þann 12. maí 2023 og eru eldri en 16. ára miðað við lokadag kosningar.

*Yfirkjörstjórn og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar*

